

Tröllafréttir



Í fjölmiðlaáfangu á haustönn 2012 hafa nemendur á starfsbraut skrifað, sett upp og gefið út þetta blað.

Efnið er fjölbreytt enda áhugamál nemenda margvísleg. Hér er að finna niðurstöðu könnunar sem leiddi í ljós að kindur eru vinsælustu gæludýr nemenda í MTR. Nemendur fjalla um skólann, um vinnuna sína, greina frá ferðalögum sem þeir hafa farið í og skrifa um áhugamál svo sem íþróttir og veiði. Einnig eru greinar um tækni og vísindi, tölvuleiki og fleira.

Aftari röð frá vinstri: Trausti Karl Rögnvaldsson, Sindri Már Óskarsson og Heiðar Karl Rögnvaldsson. Fremri röð frá vinstri: Geirrún Jóhanna Sigurðardóttir, Katrín Elva Ásgeirsdóttir, Rafn Haraldur Ingimarsson, Andri Mar Flosason, Hallgrímur Sambhu Stefánsson og Sigurjón Sigtryggsson. Öll skrifuðu þau greinar í blaðið, Andri Mar sá um uppsetningu og útlit og Hallgrímur um prófarkalestur.


Efnisyfirlit:

Gæludýr	2
Boltasækir	2
Tréverk	3
Aðalbakarí	3
Félagsfræði	3
Draumur	4
Miðönn	4
Titanicslysið	5
Lamborghini	6
Veiðiferð	6
Sólarferð	7
Jójó-pláneta	8
Afreksmaður	9
Björgun	10
Hundar	10
Skólinn	11
Bóndi	11
Ljóð	12

Kind vinsælasta gæludýrið - samkvæmt könnun Geirróunar Jóhönnu

Dagana 8.-12. október 2012 fór fram könnun á gæludýraeign nemenda og starfsmanna Menntaskólans á Tröllaskaga. Geirróun Jóhanna Sigurðardóttir átti hugmyndina að könnuninni og hafði af henni allan veg og vanda. Spurt var um hefðbundin gæludýr svo sem ketti og gullfiska en einnig um önnur dýr sem við getum kallað sveitadýr svo sem kindur og hesta. Óhætt er að segja að niðurstöður komu nokkuð á óvart. Kindur reyndust vinsælustu dýrin hjá nemendum og starfsmönnum skólans en í öðru sæti voru hestar. Samtals sögðust nemendur og starfsmenn eiga 178 dýr sem skiptast þannig eftir tegundum:

Kindur 98
Hestar 34
Hundar 21
Kettir 10
Hænur 6
Páfagaukar 4
Kanínur 2
Fiskar 2
Hamstur 1



Jóhanna Haraldsdóttir nemandi á listabraut er fjárflest nemenda skólans. Hún og fjölskylda hennar eiga samtals 40-45 kindur. Jóhanna sagði í samtali við Tröllafréttir að kindurnar hétu allar mjög myndum nöfnum. Til dæmis hétu ein Begga og önnur Jóa en einnig væri til Kleópatra, Taylor og Viktoría. Hrútarnir hefðu líka skemmtileg nöfn svo sem Ólafur Ragnar og Björn. Jóhanna segir að upphaldskindin sín sé Begga en hún haldi líka uppá Kleópötru og Viktoríu því þær hafi verið svo litlar og sætar þegar þær voru lömb. Þessar kindur eru svartar, hvítar og mórauðar og þær eru allar kollóttar. Þær eiga heima í fjárhúsinu Bóhem við Lambafen 1 á Siglufirði og þar eru líka hani og nokkrar hænur. Geirróun Jóhanna þakkar öllum sem tóku þátt í könnuninni fyrir veittar upplýsingar.

Mynd: Gísli Kristinsson

Boltasækir eftir Sigurjón Sigtryggsson

Í sumar var ég að vinna með KF, sem boltasækir. Boltasækir sér um að sækja boltann þegar boltinn fer út af velli-
num og setja hann fyrir aftan markið. Á sjómannadaginn er spennandi að vera boltasækir, þá koma Dalvíkingar að keppa við KF. Bæði lið voru í 2. Deild í sumar. Dalvíkingar töpuðu 4-1, en KF-liðið er best.

Mjög margir áhorfendur komu á völinn og fögnuðu þegar KF skoraði. Leikmaður í þessum leik var Þórður Birgisson, markahæsti maður sumarsins hjá KF. Mér finnst mjög gam-

an að vera boltasækir en svo fæ ég líka kaup. Alltaf fæ ég eitthvað eftir hvern leik. Ég legg peningana inn á reikninginn minn í bankanum. Svo þegar ég fer í keppnisferðalög tek ég út af reikningnum

Ég þekki enga sem sækja bolta á öðrum stöðum eins og ég geri á Siglufirði. Á velli-
num í Ólafsfirði eru fimm menn sem sækja bolta sem lenda útaf. Yfir veturinn á ég frí, þá er ég að æfa boccia.



Sigurjón Sigtryggsson í KF búningnum
Mynd: Gísli Kristinsson.

Vinnan mín í Tréverki eftir Hallgrím Stefánsson

Núna í haust fékk ég mér starf sem vinnumaður í Tréverki á Dalvík. Ég ætla að verða smiður í framtíðinni þegar ég verð fullorðinn eins og afi minn Hallgrímur Antonsson. Það var hann sem stofnaði Tréverk ásamt fleiri mönnum. Núna í vetur verð ég að vinna með manni sem heitir Óskar. Hann er fæddur árið 1948 og er 64 ára. Óskar er mjög vinnusamur og hjálpsamur og leiðbeinir mér við vinnuna. Tréverk framleiðir hillur, skápa, borð, stóla og ýmislegt annað sem hægt er að gera úr tré og timbri. Ég hef verið að gera ýmsa góða hluti til dæmis taka gler úr glugga,

saga, pússa, skrapa steypu af timbri og handlanga timbur. Í framtíðinni langar mig að smíða borð, stóla og margt annað. Þegar ég tók gler úr glugga skrúfaði ég skrúfur úr kormunum tók rúðurnar síðan í sundur. Nýlega var ég að vinna við að sópa í nýju íbúðarhúsi sem er verið að byggja. Ég var einn því Óskar var í Portúgal með starfsmönnum í tilefni afmælis Tréverks sem er núna 50 ára, stofnað árið 1962. Mér finnst mjög gaman að smíða alls konar hluti úr tré.

Hallgrímur Antonsson



Vinnan mín í Aðalbakaríi eftir Trausta Karl

Aðalbakarí var stofnað árið 1995. Það er á Siglufirði. Jakob Kárasson er bakameistari. Eiginkona hans Elín Þóra Björnsdóttir, hefur yfirumsjón með öllu sem gerist í bakaríinu. Þau eru að selja kökur, snúða, kleinuhringi og margt fleira. Ég er að pakka inn kökum, möffum og snúðum og setja súkkulaði á

snúða. Síðan geri ég stundum pizzu. Ég set papriku, lauk, venjulegan ost, gráðost, sveppi og beikon. Líka er hægt að fá pizzu með skinku og pepperoni.

Mér finnst gaman að hakka brauð sem er afgangur. Brauðið er skorið í sundur, bara litlu hlutirnir eru hakkaðir og búið

til brauðrasp.

Það er gott að hafa bakarí á Siglufirði. Þá þurfum við ekki að fara til Akureyrar og eyða tíu þúsund kall í bensín bara til að kaupa snúða og brauð. Úrvalið af kökum og brauði í Aðalbakaríi er gott.

Félagsfræði eftir Katrínu Elvu Ásgeirsdóttur

Félagsfræði er nýtt fag fyrir mér, ég er alltaf að læra eittvað nýtt. Kennarinn er hún Hjördís, hún er á besta aldri. Það er hægt að segja margt um hana, tókum sem dæmi: frábær, ljúf, myndarleg. Þessir tímar eru á mánudegi, miðvikudegi, fimmtudegi og föstudegi. Það skrítna er að á föstudögum þá eru hamingjudagar, þá tölum

við um hamingju okkar á jörðinni. Í félagsfræði fjöllum við um fréttir, auglýsingar, fréttamiðla, sjónvarpsmiðla og hamingjuna. Það sem mér finnst spennandi við að fjalla um félagsfræði er að þetta er nýtt fag sem ég hef ekki heyrt um áður. Þetta er bæði áhugavert og erfið áskorun sem reynir á mann það er það eina

sem mér finnst spennandi við þetta. Það er eins og við séum alvöru fjölmiðlastarismenn og fréttamenn og það er æðislegt - við lesum fréttablöð, morgunblöð. Þetta er líka að eiga góð samskipti við fólk og vita hvað er að gerast í heiminum. Ef þið hugsið að fréttir væru ekki til þá vissuð þið ekkert hvað væri að gerast á jörðinni.

Framtíðardraumurinn minn eftir Andra Mar

Mig langar til að verða kokkur og opna minn eigin veitingastað. Þetta er framtíðardraumurinn minn. Veitingastaðurinn á að heita Ástarhreiddrið og það þarf að panta borð með minnst þriggja vikna fyrirvara. Veitingastaðurinn á að vera fyrir pör á rómantísku stefnumóti. Þegar parið labbar inn þá eru þjónar sem opna hurðirnar. Þegar komið er inn er þjónn sem heldur á bakka með kampavínsglössum og gefur þeim.

Glasið sem þjónninn gefur á að vera frítt. Þegar parið er búið að fá kampavínsglösin þá kemur annar þjónn sem vísar þeim til sætis og á borðunum eru rósa-blöð og stór hjörtu öðru megin við borðið. Þá fá þau matseðla og þar er meðal annars nautalund, humar, hrefnukjöt og margt fleira. Vínlistinn verður góður það verða kampavín, freyðivín og óáfengt vín fyrir yngri kynslóðina. Ef að maður vill fara á skeljarnar á þessu stefnumóti þá á að vera hægt að

fara inn í sal þar sem er hægt að fá starfsmenn sem dansa. Lagið er eitt það vinsælasta sem er spilað þegar menn eru að biðja kærustunnar. Það heitir Merry you með Bruno Mars. Veggirnir á veitingastaðnum eiga að vera í ljósum litum. Til dæmis bláir, rauðir, gulir og í fleiri litum. Borðin eru hjartalaga og hægt er að láta skrifa á borðin nöfnin á þarinu og láta á borðið sitthvoru megin. En það mun kosta mikið aukalega.

Miðannarvikan eftir Katrínu Elvu Ásgeirsdóttur

Miðannarvikan er vika þegar unglingar í MTR fá að velja hvað þeir vilja gera. Hægt er að velja flokka til dæmis íþróttir, skapandi skrif, tónlistarbúðir, sjávarflokk eða heimildarljósmyndaflokk. Þessi vika er mikilvæg fyrir nemendur og við fáum tvær einigar fyrir að mæta og vera virk en ef nemendur mæta ekki þá er engin einnig - það er annað hvort eitthvað eða ekkert - nemendur ráða því.

Markmiðið er eiginlega að kenna okkur eitthvað nýtt. Nemendur læra að námið er ekki alltaf leiðinlegt og tilbreytingarlaust heldur getur það verið skemmtilegt ef við erum virk og tökum þátt. Íþróttahópurinn fór í fjallaklifur, sjósund, á brimbretti og hjólaði yfir Lágheiðina og alla leið til Siglufjarðar. Þeir sem fóru í skapandi skrif bjuggu til ljóð og sögur. Tónlistarhópurinn spilaði á gítar, trommur, píanó, bassa og fleiri hljóðfæri. Á fimmtudagskvöld var samkoma í Tjarnarborg þar sem

tónlistarfólkið spilaði og söng lög sem það hafði æft í vikunni og þau sem voru í skapandi skrifum lásu sögur og ljóð sem þau höfðu samið. Margir gestir voru á samkomunni og fóru allir glaðir heim. Sjávarhópurinn var að kynna sér fyrirtæki sem vinna með sjávarútvegsvörur og krufði einnig fiska. Svo fóru þau í hvalaskoðun og voru svo heppin að sjá hval og að sjálfsögðu var sjóstöngin tekin upp og veiddir nokkrir þoskar. Þá fóru fram kappræður um hvort það

ætti að leyfa hvalveiðar eða ekki. Í heimildaljósmyndun voru gerðar kröfur um að teknar yrðu góðar ljósmyndir og við lærðum að breyta myndum. Við fengum ljósmyndara í heimsókn sem hét Völundur. Hann starfar sem ljósmyndari en kenndi okkur að taka andlitsmyndir og umhverfismyndir og svo unnum við með þær. Þarna sjáum við að allir geta fengið kennslu við sitt hæfi bara að vera jákvæður.



Formaður nemendaráðs dregur að hún fana heilsueflandi framhaldsskóla. Sigurjón aðstoðar

Mynd: Katrín Elva


100 ár frá Titanicslysinu eftir Andra Mar Flosason

Flestir vita eitthvað um þekktasta sjóslys sögunnar. Það gerðist 15. apríl árið 1912 er Titanic sökk. Í þessari grein verður sagt aðeins frá atburðinum.

Titanic lagði af stað í jómfrúarferð sína frá Southhamton í Bretlandi þann 10. apríl 1912 og var ákvörðunarstaður New York í Bandaríkjunum. Um borð voru 2200 mans en björgunarbátar gátu aðeins rúmað rétt tæpan helming af þessum fjölda. Titanic var 269 metra langt og 28 metra breitt og eigin þyngd þess var 46.328 tonn. Það var jafnframt með allra glæsilegustu skipum. Um borð var meðal annars bókasafn, sundlaug, íþróttasalur, veggtennissalur og tyrkneskt bað. Sagt var að skipið gæti

ekki sokkið, svo haganlega væri það byggt. Annað kom þó á daginn. Þegar ísjakaviðvaranirnar bárust til Smith skipstjóra þá ákvað hann að auka hraðann í stað þess að draga úr honum. Skömmu eftir miðnætti 15. apríl sáu nokkrir áhafnarmedlimir að Titanic stefndi á ísjaka. Þá hringdu þeir beint upp í brú og sögðu þeim sem voru við stýrið að beygja á bakborða (til vinstri) en það tókst ekki. Ísjakinn reif stórt gat á hliðina stjórnborðsmegin (hægra megin) og skipið sökk mjög hratt. Klukkan tvö um nóttina var ljóst að Titanic myndi sökkva og strax var byrjað á björgunaraðgerðum. En það var ekki nóg. Fimmtán hundruð manns druknuðu eða létust úr ofkælingu en aðeins um 700 lifðu af.

Nákvæmlega 100 árum eftir slysið, nánar til tekið 15. apríl 2012 fóru ættingjar þeirra sem voru á Titanic í siglingu. Sigld var sama leið og Titanic átti að fara. Það er búið að gera nokkrar kvikmyndir og heimildarmyndir um þetta slys. James Cameron leikstýrði nýjustu myndinni um slysið, titill hennar er Titanic. Myndin var gerð árið 1997 og var tekjuhæsta mynd í heimi til 2009. Nýlega var Titanic endurgerð í þvívídd. Aðalhlutverkin voru leikin af Leonardo DiCaprio og Kate Winslet. Ég vona að þessi grein hafi gert ykkur eitthvað fróðari um þennan skipsskaða.



Draumabíllinn eftir Andra Mar Flosason

Lamorghini Aventador er tveggja dyra og tveggja sæta ofursportbíll. Hann var formlega kynntur af Laborghini á bílasýningu 28. febrúar 2011. Þessi bíll er 699 hestöfl hvorki meira né minna og kemst allt upp í 349 km/klst. Þetta er draumabíllinn minn vegna þess að hraðinn er gífurlega mikill miðað við venjulegan fjölskyldubíl. Boddýið er geggjað og svo opnast hurðin upp.



Sótt á: <http://www.autoblog.com/2011/03/01/geneva-2011-lamborghini-aventador-lp700-4/>

Veiðiferðin mín - Trausti Karl Rögnvaldsson

Ef maður ætlar að veiða gæs þarf maður að vakna klukkan 5 eða 6 um nóttina og gera sig tilbúinn til að fara að veiða. Maður þarf alltaf að stilla upp gervigæsum. Stundum þarf að búa til felustaði svo gæsirnar verði ekki varar við mannaferðir. Stundum er hægt að liggja í skurði ef þeir eru til staðar á svæðinu. Einnig er nauðsynlegt að vera rétt klæddur þannig að manni sé hlýtt og maður falli inn í umhverfið. Til að falla inn í umhverfið verður maður að vera í felubúningi. Ég og Heiddi bróðir fórum í gæs í fyrsta skipti árið 2007. Ég var bara 14 ára og við veiddum ekkert. Við

fórum í Skagafjörð og það var kalt. Við sáum gæsir sem flugu allt of hátt til að skjóta - það var ekki byssufæri.

Ég, Heiddi og pabbi fórum seinna saman í veiði. Ég man ekki hvert við fórum en ég man að við veiddum 36 gæsir. Við settum gæsirnar í skottið og fórum heim. Þegar heim var komið þá tók við heilmikil vinna við að hreinsa gæsirnar og ganga frá öllu saman. Það fyrsta sem þarf að gera er að hamfletta og skera bringurnar og lærin af gæsinni. Það er síðan sett í poka og beint í frysti. Svo þarf bara að setja afganginn af gæsinni í poka og henda.



Trausti Karl að gera að gæs.
Mynd: Gisli Kristinsson.

Benidormferðin eftir Andra Mar Flosason

Þann 2. júní 2012 fór ég með fjölskyldu minni til Benidorm á Spáni. Við mættum á flugvöllinn í Keflavík, tékkuðum okkur inn, fórum í gegnum tollinn, fengum okkur að borða og skoðuðum í búðirnar í Leifstöð. Svo um hálf tíma fyrir brottför fórum við í vélina. Flugid var fjórir og hálfur tími. Þegar það var byrjað að selja matinn fékk fjölskyldan sér baguette, sem er langlokubrauð með áleggi. Á þessari var skinka og ostur, svo fékk ég snakk með salti og pipar.

Þegar við lentum á flugvelli-
inum í Alicante þá þurftum við að labba heillengi til að ná í töskurnar okkar. Þegar það var búið keyrðum við á Benidorm og fórum upp á hótél.

Við fórum út að borða öll kvöld. Nema sum kvöld

borðuðum við á bakvið íbúðina okkar. Við fórum í þrjá helstu skemmtigarðana. Þeir eru Terra mitika, Mundomar og Aqualandia. Terra mitika er tívolí skemmtigarður, Mundomar er dýragarður með höfrunga- og sæljónasýningu og Aqualandia er vatnsrenni-
brautagarður. Við fórum einu sinni í Terra mitika, tvisvar í Mundomar og sex eða sjö sinnum í Aqualandia. Svo fórum við auðvitað á ströndina.

Við vorum þarna þegar Spán-
verjar urðu Evrópumeistarar. Það var ótrúleg upplifun. Við fórum á torg í bæjarhluta sem er kallaður gamli bærinn og þar voru allavega 200 manns að fagna og það var meðal annars kveikt í ítalska fánanum. Þegar við ákváðum að fara upp á hótél þá fórum við yfir götu og

það flautaði einhver bílstjóri á mig, ég leit á hann og hann veifaði höndunum og brosti út að eyrum.

Svo voru pálmatré og þau voru flott. Ég sá nokkra flotta bíla. Lamburghini, Ferrari, Porce gt3 og Porce gt2 og það var tekin mynd af mér með honum og látin inn á Facebook síðuna mína.

Þegar við fórum heim þá fór sama ferlið í gang og á flugvelli-
inum á Íslandi nema að í Alic-
ante pípti á mömmu og pabba í tollinum en þau voru sem betur fer ekki með ólögleg vopn. Á leiðinni heim í vélinni þá var það sama að borða og á leiðinni út. Þegar við stígum út úr vél-
inni á klakanum þá var mér kalt allt kvöldið þangað til ég sofnaði og mest allan daginn eftir.



Af ströndinni. Sótt á: <http://lostintentions.com/cheap-deals-on-family-holidays-benidorm/>

Jójó-pláneta eftir Heiðar Karl Rögnvaldsson



Jójó-plánetan og tunglið í bakgrunni.
Myndin var sótt á:
<http://www.armageddononline.org/two-billion-alien-earths-our-galaxy.html>


Sjöttíu ljósár frá jörðu er stjarna sem kallast 16 cyg b. Hún hlær að því sem við köllum þróun. Brautin hennar er ekki hringur heldur sporöskjulaga. Þessi gaspláneta hefur ekki tungl sem er dautt eins og okkar tungl, hennar gæti hugsanlega haft fjöll, vatn og sjó. Líf gæti alveg byrjað á svona tungli. En að vísu þyrfti það að leggjast í dvala vegna þess að tunglið er misjafnlega langt frá sólinni. Veturinn er 17 mánuðir en sumarið er styttra en tveir mánuðir.

Ef lífinu líkaði við sumarið yrði það að liggja í dvala í 17 mánuði en ef það væri fyrir veturinn þyrfti það ekki að leggjast í dvala nema tvo mánuði af samtals níttján á hverri hringferð eftir sporbrautinni. En lögun hennar er einmitt ástæða þess að tunglið er með árstíðir - plánetan er jójó.

Eru íþróttir góðar fyrir þig? Sigurjón Sigtryggsson

Íþróttir auka styrk og úthald. Til hvers þurfum við meiri styrk og úthald? Til þess að auka lífsgæði okkar. Við náum betri einbeitingu, við verðum minna þreytt yfir daginn og við verðum sjaldnar veik af því að ónæmiskerfið okkar styrkist. Þar að auki verðum við ánægðari með okkur sjálf og aukakílónum fækkar. Við svitnum og hreinsum svitaholurnar og þá þurfum við að drekka mikið vatn.

Íþróttir eru góðar bæði fyrir karla og konur. Kynin eru góð í mismunandi íþróttum. Karlar eru sterkir og góðir í lyftingum og öðrum íþróttum sem reyna á krafta. Konur eru liprar, góðar í fimleikum og dansi en margar íþróttir eru góðar fyrir bæði kyn. Fólk sem æfir íþróttir verður betra í skapinu, glaðara og hamingjusamara. Ég er næstum alltaf glaður þegar ég kem af æfingu og hlakka til að fara á næsta mót.



Robin van Persie - vinsæll knattspyrnumaður. Manchester United keypti hann nýlega af Arsenal. Myndin var tekinn af google.

Afreksmaður á skíðum eftir Sindra Má Óskarsson

Björgvin Björgvinsson, einn fremsti alpagreinaskíðamaður Íslands, er fæddur 11. janúar 1980 og ólst upp á Dalvík. Hann var sérlega duglegur að mæta í Fjallið og fljótt kom í ljós hversu mikinn metnað hann hafði fyrir skíðaíþróttinni. Það sýndi sig þannig að hann mætti alltaf á æfingar og var mjög oft á aukaæfingum. Þegar að lyftan var ekki í lagi gekk hann upp í fjall með skíðin á bakinu og renndi sér niður og þetta gerir hann enn þann dag í dag. Á sumrin þegar enginn snjór var á skíðasvæðinu fann hann sér ýmislegt til dundurs. Áhugi hans á mótórcrossi vaknaði snemma og fékk hann mikla bíla- og mótórhjóladellu í kjöl-

farið. Mótórcross stundaði hann af kappi og þegar hann eignaðist sitt fyrsta mótórcross hjól þá ákvað hann að keppa og lenti í 3. sæti þá aðeins 18 ára að aldri. Skotfimi á einnig hug hans allan og þess má geta að hann er mjög góð skytta.

Björgvin var 16 ára gamall þegar hann hélt utan í skíðaskólann í Geilo í Noregi. Þar tók hann miklum framförum í greininni sinni og glæstur keppnisferill hans tók aðra stefnu. Björgvin átti eftir að vera meðal fremstu skíðamanna í heiminum.

Hann keppti á tvennum Ólympíuleikum fyrir hönd Íslands, árið 2006 í Torino á Ítalíu og 2010 í Vancouver í Kanada. Hann var tilnefndur fánaberi Íslands á setningarathöfn Ólympíuleikanna. Hann þvældist mikið um Evrópu og keppti og talar því reiprennandi nokkur tungumál. Nýlega ákvað Björgvin að hætta keppni á skíðum vegna lélegs fjárstuðnings Skíðasambands Íslands.



Björgvin Björgvinsson, einn besti skíðamaður Íslands.

Myndin er tekin af facebooksíðu Björgvins

Björgun litla frænda - Hallgrímur Stefánsson

Þegar ég var 11 ára þá bjargaði ég frænda mínum sem heitir Aðalsteinn Karl. Hann var eins árs gamall. Þetta gerðist þegar við fjölskyldan vorum í Reykjavík í heimsókn hjá frændum mínum Ingvari, Sigurði og Haraldi og konu hans Ingi-björgu. Okkur var boðið í mat til þeirra. Hálfbróðir mömmu (samfeðra) Björn og kona hans Hildur og börn þeirra voru líka boðin. Ég og frændi minn

Aðalsteinn vorum að leika okkur að kubba meðan við biðum eftir matnum. Það var gaman að leika með honum í kubbunum. Skyndilega sá ég að hann var með eitthvað upp í sér. Mér fannst það skrítið því ég sá ekki að hann héldi á neinu allan tímann. Ég tók það til bragðs að opna munninn á honum og gá hvað hann væri með. Ég var furðu lostinn þegar ég tók það sem hann var

með upp í sér. Í munninum var peningur sem hefði getað hrokkið ofan í hann. Þá hefði hann ekki getað andað. Ég var mjög glaður að hafa brugðist skjótt við, annars hefði Aðalsteinn ekki getað andað og jafnvel hreinlega dáið. Ég sagði mömmu hans og pabba frá þessu, þau voru mjög glöð og mér ævinlega þakklát fyrir að ég bjargaði lífi hans.

Hundarnir mínir - Geirrún Jóhanna Sigurðardóttir

Þau heita Dexter og Tinna hundarnir mínir. Dexter er labrador og hann er svartur á litinn og honum finnst gaman að fara út í garð og í göngutúr og í bíltúr. Hann sefur stundum upp í rúminu mínu. Hann er glaður hundur. Tinna er border collie hún er svört og hvít og henni

finnst gaman að fara út í garð og í göngutúr og í bíltúr. Hún sefur undir rúminu mínu, hún sefur þar alltaf.

Einu sinni var labradorhundur sem hét Dexter og hann var villtur og týndur og átti engan til að hugsa um sig. Síðan fór hann að leita sér að heimili og allt í einu sá hann hvítan og svartan hund sem átti heimili.

Hundurinn heitir Tinna og hann sá hvað fólkinu á heimilinu þótti svo vænt um hana og hann langaði að búa hjá þeim. Síðan sáu þau Dexter og þau voru að hugsa um að eiga hann líka. Þau buðu honum að koma til þeirra og vera hjá þeim og Tinnu.



Dexter og Tinna

Mynd:

Geirrún

Jóhanna

Skólinn minn - Katrín Elva

Minn skóli heitir Menntaskólinn á Tröllaskaga og er við Ægisgötu 13, í Ólafsfirði. Skólinn var stofnaður árið 2010 og hefur því starfað í stuttan tíma.

Skólameistarinn okkar er Lára Stefánsdóttir og hún kennir líka ljósmyndun. Það er mjög mikið félagslíf í þessum skóla, maður er alltaf að gera eitthvað - það er bara ein eyða á miðvikudögum. Unglingarnir eru flestir búnir klukkan 15:35. Það eru fleiri unglingar á þessu ári en í fyrra, því núna eru Dalvíkingar í skólanum sem er bara gaman - að fá fleira fólk í skólann. Við erum nákvæmlega 130, get ég sagt, við erum samt fleiri því það eru sumir að taka fjarnám og þeir koma ekki hingað. Þetta er eins og blanda Siglfirðingar, Ólafsfirðingar og Dalvíkingar. Við erum ennþá að kynnast öðrum en það kemur á endanum. Kennarar okkar á starfsbraut eru Ásdís Sigurðardóttir, Helen Meyers, Hjördís Finnbogadóttir, Inga Eiríksdóttir, Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Agnes Ýr Sigurjónsdóttir.

Bóndi í tölvuheimi Rafn Haraldur og Trausti Karl

Í tölvuleiknum "Farming simulator" eða eftirlíking landbúnaðar er hægt að leika sér að því að vera bóndi. Hægt er að rækta kartöflur, sykur eða hveiti en einnig er hægt að vera kúabóndi, sauðfjárbóndi eða hænsna-bóndi.

Ef þú býrð með kindur þarftu bara að sjá til þess að þær fái nóg hey og annað grænófóður. Svo þarf að rýja þær til að geta selt ullina. Einnig þarf að bera á tún og akra og slá síðan eða hirða uppskeruna með öðrum hætti. Ef ekki er

slegið á réttum tíma eyði-leggst uppskeran og hvorki er hægt að selja hana né gefa eigin skepnum. Hægt er að afla fjár með því að slá golfvelli þegar ekki er verið að nota sláttuvélarnar heima. Markmið leiksins er að verða góður bóndi og safna fé þannig að hægt sé að stækka tún og akra og kaupa fleiri vélar. Til þess þarf peninga. Það þarf að hugsa vel um skepnum því annars gefa þær ekkert af sér og geta jafnvel drepist. Einnig þarf að passa að vélarnar séu í góðu lagi

og nóg eldsneyti á tanknum. Gæta þarf að því að tengja ekki of stórar vélar aftan í litlar dráttarvélar, þá getur farið illa. Þegar sáning fer fram þarf að fylla á frædreifarann og passa að dreifa jafnt. Á uppskerutímanum er kornið sett í stóra tanka, en heyið er bundið í rúllur. Ef uppskeran er góð er hægt að selja hluta hennar og fá þannig pening til að endurnýja vélar og tæki eða kaupa fleiri akra og tún.

Starfsbrautarljóð

Andri Mar Flosason

Trausti hann er tvíbbi hans Heiðars,
tvíbbunum ætti ekki að leiðast.
Í tölvuna oft Trausti laumar sér,
tekur ekki eftir heljarinnar her.

Heiðar oft hreinskilinn er
heldur kannski að einhver fer.
Heiðar er oft með heyrnatól á eyrum sér
heyrir ekki þegar kennarinn með yfirlesturinn fer.

Skemmtileg og skapandi Katrín er
skondin hún getur verið.
kostur hennar kærleiki er
kannski eitthvað meira sem fáir vita.

Kata kallar Geirrónu Rúnu
kann hún það vel að meta.
hún gerir allt sem henni dettur í hug
hún er svo frábær stelpa.

Sigurjón góður strákur er,
skap hans getur samt verið rosalegt.
Hann æfir frjálssar það finnst honum gaman
Hann hefur keppt á ólumpíuleikum, það er flott.

Rafn kallaður Rabbi er
rakar sig ekki, því ekkert skegg hann hefur.
Rafn nokkuð neikvæður getur verið
nokkuð skemmtilegur samt hann getur verið.

Haggi rosa róglegur er
reykir ekki sem betur fer.
Haggi hann er vinur minn
Heima á hann á Brimnesi.

Sindri stundum góður er
stundum út úr tíma hann fer.
Stundum samt sérstakur hann getur verið
samt yfirleitt hann skemmtilegur er.

Andri hann er afar klár
Andað getur hann svaka hátt.
Samið getur hann svaka ljóð
sem og þetta starfsbrautarljóð.

Norðurljósín eru græn á himninum.

Áramótabrennan er á nóttunni.

Sjórinn og rauði himininn - það er fallett.

Fossinn í fjallshlíðinni syngur á nóttunni.

Geirróun Jóhanna.